

Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins

Fundargerð 9. fundar, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar
23. febrúar 2016 og hófst kl. 17:00.

Fundinn sátu: Borghildur Sturludóttir, Fjölur Sæmundsson, Kristinn Andersen, Sigríður Björk
Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson, ásamt Degi Jónssyni, vatnsveitustjóra.

Erindi um leyfi til leitar og rannsóknar á málmum í Krýsuvík

Umhverfis- og framkvæmdaráði hafði borist erindi frá Orkustofnun þar sem óskað var eftir umsögn bæjarins um umsókn Iceland Resources ehf. Um leyfi til leitar og rannsóknar á málmum í Krýsuvík. Umhverfis- og framkvæmdaráð hafði vísað erindinu til stýrihópsins. Með erindinu fylgdu ítarleg gögn sem stýrihópurinn hafði fengið send.

Nokkrar umræður urðu um þetta erindi, sem sýndi nauðsyn þess að mál sem þetta og málefni Krýsuvíkur ættu sér skýran farveg innan bæjarkerfisins. Stýrihópurinn væri ekki í góðri stöðu til að meta þessa umsókn, hann hefði ekki lokið störfum og mótað afstöðu til mála af þessu tagi, og endanlega væri það umhverfis- og framkvæmdaráð sem hefði umboð og það hlutverk að taka afstöðu til erindis sem þessa.

Dagur hafði tekið að sér að skoða málið nánar fyrir fundinn og komst að því að skv. lögum þarf ekki samþykki landeiganda fyrir útgáfu rannsóknarleyfis sem hafi óverulegt rask í för með sér. Hins vegar yrði að fá leyfi landeigandans fyrir framkvæmdum og umfangsmeira raski. Í umræðum hópsins kom jafnframt fram að eðlilegt væri að fara fram á að landeigandinn óskaði eftir aðgangi að rannsóknarniðurstöðum á landi hans.

Starfshópurinn sammæltist um eftirfarandi umsögn um erindið til umhverfis- og framkvæmdaráðs:

„Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum og lagt fram niðurstöður sínar, og telur sig ekki geta ályktað efnislega um erindið.

Ráða má af lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu að ekki er nauðsynlegt fyrir ríkið að afla samþykkis landeiganda fyrir útgáfu rannsóknarleyfis, enda sé um að ræða kortlagningu, skýrslugerð og sýnatöku sem ekki hafi teljandi rask í för með sér. Eðlilegt er að Hafnarfjarðarbær eigi fullan aðgang að rannsóknarniðurstöðum.

Hafnarfjarðarbær er landeigandi og hefur skipulagsvald á hluta rannsóknarsvæðisins og þarf leyfishafi að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir öllum framkvæmdum sem að tengjast rannsókninni. Bent er á að mikill hluti landsins sem um ræðir er innan fólkvanga og innan svæðisins er fjöldi friðlýstra náttúruminja. Öll umferð og umgengni leyfishafa yrði að taka mið af því. Samkvæmt auðlindastefnu Hafnarfjarðar skal tryggja að bærinn njóti sanngjarns afraksturs af nýtingu auðlinda í eigu hans.“

Fundi var slitið kl. 18:30.

Sent stýrihóp til samþykktar